

Eimskips mót 2014

12.júlí 2014

Siglingaklúbburinn Drangey

Keppt verður á Skagafirði í nágreni Sauðárkróks

Tilkynning um keppni

1. Reglur

Keppt verður samkvæmt:

- a. Kappsiglingareglum ISAF
- b. Kappsiglingafyrirmælum SÍL
- c. Kappsiglingafyrirmælum mótsins

2. Auglýsingar

- a. Auglýsingar verða leyfðar samkvæmt ISAF reglugerð 20 um auglýsingar
- b. Auglýsingar sem keppnishaldari útvegar kann að þurfa að sýna á bátum eða búnaði

3. Þátttökuréttur

Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL. Stefnt er að keppni í eftirfarandi flokkum:

- a. Optimist
- b. Laser Standard
- c. Laser Radial
- d. Topper Topaz
- e. Opnum flokki samkvæmt forgjöf frá SÍL

Verði þátttakendur í einhverjum flokki færri en fimm verður sá flokkur hluti af opnum flokki.

4. Skráning

Skráningar berist til keppnisstjórnar fyrir kl. 17:00 föstudaginn 11. júlí með tölvupósti á keppnisstjorn@silsport.is Taka þarf fram nöfn keppenda, seglanúmer, bátstegund og félag sem keppir fyrir.

Þó er hægt að skrá allt fram að skipstjórafundum, en þá hækkar þátttökugjald.

5. Þátttökugjald

Þátttökugjald er innifalið í æfingabúðagjaldi

Fyrir þá sem eingöngum koma til keppni er þátttökugjald á hvern keppanda er kr. 1500.

Gjaldið hækkar í kr. 2.000 ef skráning berst eftir 17:00 þann 11.júlí

Gjald greiðist á reikning: 0310-26-5405 Kt: 540509-1230 eða við afhendingu keppnisfyrirmæla.

6. Tímaáætlun

11. júlí:

Afhending kappsiglingafyrirmæla frá kl. 17:00 – 18:00

12. júlí:

Skipstjórafundur kl. 9:00

Viðvörðunarkerki fyrir fyrstu keppni kl. 10:25

Ekki verður ræst eftir kl. 16:00

7. Kappsiglingafyrirmæli

Siglingafyrirmæli verða afhent fyrir skipstjórafund og verða birt á tilkynningartöflu á mótsstað daginn áður.

8. Keppnisvæði

Keppt verður á Skagafirði við Sauðárkrók.

9. Keppnisbraut

Keppnisbraut verður annað hvort beiting- lens-beiting braut eða þríhyrningsbraut. Brautum verður nánar lýst í kappsiglingafyrirmælum.

10. Stigakerfi

Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóða-kappsiglingareglunum.

Ef kepptar verða þrjár eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, annars kastar hver keppandi sinni lökustu keppni.

11. Verðlaun

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum flokki.

Einnig verða verðlaun veitt því siglingafélagi sem fær flest verðlaun í öllum flokkum. Lögð verða saman verðlaunasæti hvers félags og það félag sem er með lægstu summuna hlýtur farandbikar.

12. Verðlaunaafhending

Verðlaunaafhending fer fram í félagsheimili Drangeyjar strax og úrslit verða ljós að lokinni síðustu umferð mótsins.

13. Ábyrgð

Allir sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4, ákvörðun um að keppa. Keppnisstjórn ásamt öllum þeim sem taka þátt í framkvæmd mótsins firra sig allri ábyrgð gagnvart tjóni sem kann að verða vegna þátttöku í mótinu.

14. Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar fást hjá Úlfi Hróbjartssyni með tölvupósti á keppnisstjorn@silsport.is.

Siglingaklúbburinn Drangey
Hólatúni 2 - 550 Sauðárkrók
Reikn: 0310-26-5405
Kennitala: 540509-1230